Fullgild rafræn undirskrift
BJÖRGVIN HALLDÓR BJÖRNSSON
Kennitala: 160882-3609
2023-08-14 14:51:10 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
TÓMAS ÞORVALDSSON
Kennitala: 230753-3939
2023-08-14 15:40:56 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUÐRÚN BJÖRK BJARNADÓTTIR
Kennitala: 140972-3129
2023-08-14 16:04:42 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUNNAR GUÐMUNDSSON
Kennitala: 300153-4029
2023-08-14 19:59:44 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HRAFNHILDUR THEÓDÓRSDÓTTIR
Kennitala: 230169-3579
2023-08-14 21:24:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÁSMUNDUR JÓNSSON
Kennitala: 150355-4199
2023-08-15 14:22:37 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HARPA FÖNN SIGURJÓNSDÓTTIR
Kennitala: 170881-4519
2023-08-16 20:52:39 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON
Kennitala: 070683-3779
2023-08-17 13:16:19 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VÉDÍS HERVÖR ÁRNADÓTTIR
Kennitala: 080782-5439
2023-08-17 15:59:43 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓNAS SIGURÐSSON
Kennitala: 160574-3999
2023-08-21 09:58:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HJÖRTUR INGVI JÓHANNSSON
Kennitala: 070987-2799
2023-08-21 12:13:28 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MAGNÚS HRAFN MAGNÚSSON
Kennitala: 101180-3529
2023-08-21 14:39:17 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
EINAR HAFLIÐI EINARSSON
Kennitala: 201056-3739
2023-08-22 13:50:00 GMT
Ástæða: Undirskrift

# I H M

## Innheimtumiðstöð rétthafa

# Ársreikningur 2022

IHM, Innheimtumiðstöð rétthafa
Laugavegi 77
101 Reykjavík
kt. 531284-0119

# I H M

## Innheimtumiðstöð rétthafa

## Ársreikningur 2022

**Efnisyfirlit**

| | |
|---|---|
| Áritanir óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna | 1 |
| Áritun stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7 |

# Áritanir óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

## Til stjórnar og fulltrúaráðs Innheimtumiðstöðvar rétthafa, IHM.

**Álit**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning IHM fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð IHM í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi samtakanna. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leggja til að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samtakanna.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi starfsemi og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 14 . Júní 2023.

**Deloitte ehf.**

Einar Hafliði Einarsson
endurskoðandi

**Til stjórnar og fulltrúaráðs Innheimtumiðstöðvar rétthafa, IHM.**

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn IHM höfum farið yfir ársreikning þennan fyrir árið 2022. Hann er í samræmi við ákvæði laga og samþykktir félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 14. Júní 2023

Védís Hervör

Jónas Sigurðsson

# Áritun stjórnar

Samtökin heita Innheimtumiðstöð rétthafa, skammstafað IHM.

Aðaltilgangur IHM er að móttaka og úthluta greiðslum úr ríkissjóði vegna bóta til rétthafa vegna eintakagerðar til einkanota eins og nánar er lýst í 11. grein höfundalaga.

Aðilar að IHM eru STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar), SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), Hagþenkir, (Félag höfunda fræðirita og kennslugagna), BÍ (Blaðamannafélag Íslands) SKL (Samtök kvikmyndaleikstjóra) SÍK (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda), FÍL (Félag íslenskra leikara) FK (Félag kvikmyndagerðamanna), Myndstef, Félag leikskálda og handritshöfunda og Félag leikstjóra á Íslandi.

Stjórn IHM, Innheimtumiðstöðvar rétthafa, staðfestir hér ársreikning samtakanna fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. Júní 2023

## Í stjórn

Gunnar Guðmundsson, formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir, varaformaður

# Rekstrarreikningur ársins 2022

| Rekstrartekjur | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Tekjur skv. breytingu á 11. gr. höfundalaga (nr. 109/2016) | 11 | 244.024.283 | 253.572.402 |
| | | 244.024.283 | 253.572.402 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og tengd gjöld | 5 | (8.843.579) | (14.573.727) |
| Annar rekstrarkostnaður | 6 | (6.610.232) | (4.341.664) |
| Sérverkefni, kannanir og matsverkefni | | 0 | (4.828.560) |
| Kostnaður vegna gerðardóms | | (12.882.000) | 0 |
| | | (28.335.811) | (23.743.951) |
| **Hreinar tekjur 11. gr. höfundalaga** | | 215.688.472 | 229.828.451 |
| Fjármunatekjur | 4 | 18.887.734 | 3.519.237 |
| Hreinar tekjur af almennri starfsemi | | 234.576.206 | 233.347.688 |
| **Aðrar tekjur og gjöld, Kapalgeiri** | | | |
| Kapalgeiri, tekjur | 11 | 127.902.668 | 422.390.310 |
| Kapalgeiri, gjöld | 7 | (6.046.664) | (8.157.073) |
| **Hreinar tekjur kapalgeira** | 2 | 121.856.004 | 414.233.237 |
| **Hreinar tekjur á árinu samtals** | | 356.432.210 | 647.580.925 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| Eignir og skuldir | Skýr. | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Útistandandi tekjur | 8, 11 | 160.805.368 | 388.803.706 |
| Aðrar kröfur | | 28.930 | 213.700 |
| Bankainnstæður | | 209.769.850 | 420.420.288 |
| Veltufjármunir alls | | 370.604.148 | 809.437.694 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ógreiddar úthlutanir | 2, 10 | 169.183.590 | 87.405.139 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 9 | 5.230.938 | 3.379.801 |
| Skuldir alls | | 174.414.528 | 90.784.940 |
| Hreint veltufé | | 196.189.620 | 718.652.754 |
| **Hrein eign samtals** | | 196.189.620 | 718.652.754 |
| **Eigið fé** | 11 | | |
| Óráðstafað eigið fé | 2 | 61.646.443 | 292.856.524 |
| Sérgreint eigið fé kapalgeira | 2 | 121.856.004 | 414.233.237 |
| Varasjóður | 2 | 12.687.173 | 11.562.993 |
| **Eigið fé samtals** | | 196.189.620 | 718.652.754 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Uppruni handbærs fjár** | | | |
| Frá rekstri: | | | |
| Innborgaðar tekjur v. 11. gr. höfundarlaga | | 244.024.283 | 253.572.402 |
| Innborgaðar hreinar tekjur vegna kapalgeira | | 349.854.342 | 87.099.632 |
| Innborgaðar fjármunatekjur | | 18.887.734 | 3.519.237 |
| Útborguð rekstrargjöld | | (26.299.904) | (22.496.354) |
| Handbært fé frá rekstri | | 586.466.455 | 321.694.917 |
| **Ráðstöfun og annar uppruni handbærs fjár** | | | |
| Greidd úthlutun v 11.gr tekna | | (464.662.107) | (183.370.752) |
| Greidd úthlutun kapalgeira | | (332.454.786) | (93.648.542) |
| Ráðstöfun handbærs fjár | | (797.116.893) | (277.019.294) |
| Aukning, (minnkun), handbærs fjár | | (210.650.438) | 44.675.623 |
| Bankainnstæður í ársbyrjun | | 420.420.288 | 375.744.665 |
| Bankainnstæður í árslok | | 209.769.850 | 420.420.288 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Sjóðstreymi er hluti af ársreikningnum. Sjóðstreymið á að sýna hvað breytir handbæru fé á árinu. Til handbærs fjár teljast bankainnstæður og sjóður.

## 2. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Til ráðstöfunar: | | |
| Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun | 292.856.524 | 237.504.880 |
| Hreinar tekjur ársins, samtals | 356.432.210 | 647.580.925 |
| Þar af hreinar tekjur kapalgeira flutt á "Sérgreint eigið fé Kapalgeira" | (121.856.004) | (414.233.237) |
| | 527.432.730 | 470.852.568 |
| Ráðstafað: | | |
| Lagt í varasjóð skv. 5. grein samþykkta | (1.124.180) | (495.363) |
| Úhlutun ársins, gerðardómsuppgjör v tekna 2016-2021, sbr. sundurliðun | (254.854.636) | 0 |
| Úthlutanir og uppígreiðslur á árinu vegna tekna ársins, sbr. sundurliðun | (209.807.471) | (177.500.681) |
| Óráðstafað eigið fé í árslok | 61.646.443 | 292.856.524 |

| Óráðstafað eigið fé í árslok greinist þannig: | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| **Óráðstafað vegna skiptingu tekna grundvelli 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972:** | | |
| Óskipt frá fyrri árum | 2.334.494 | 2.334.494 |
| Óráðstafaðar hreinar vaxtatekjur fyrri ára og ársins (reikn. hlutdeild v 11gr tekna) | 9.977.625 | 0 |
| Óúthlutað hreinum tekjum skv 11. gr. | 17.638.817 | 254.854.632 |
| Annað óráðstafað eigið fé | 0 | 12.882.000 |
| | 29.950.936 | 270.071.126 |
| **Óráðstafað vegna skiptingar grundvelli kapaltekna:** | | |
| Óráðstafaðar hreinar vaxtatekjur fyrri ára og ársins (reiknuð hlutdeild kapalgeira) | 31.695.507 | 22.785.398 |
| | 31.695.507 | 22.785.398 |
| Óráðstafað eigið fé í árslok | 61.646.443 | 292.856.524 |

Hluti af hreinum tekjum ársins, og þar með talið óráðstöfuðu eigin fé, tilheyrir kapalgeira og er tekjum og gjöldum vegna hans haldið aðgreindum. Eigið fé sem tilheyrir kapalgeira og ekki hefur verið úthlutað er haldið sérgreindu.

Á aðalfundi IHM 2017 var Menningarsjóður IHM lagður niður og eignir hans færðar aftur inn í eigð fé IHM, en samtímis var samþykkt að auka í varasjóð IHM og byggja hann upp til sérstakra verkefna. Í samþykktum IHM er tilgangi varajóðs lýst þannig: "*Til að mæta óvæntum kröfum aðila, sem standa utan IHM, og kostnaði IHM, öðrum en rekstrarkostnaði, skal árlega leggja í varasjóð 5% af heildartekjum IHM hvers rekstrarárs. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 10.000.000 falla greiðslur til hans niður. Fjárhæð þessi skal endurskoðuð árlega miðað við verðlagsþróun og skal koma fram í árseikningi samtakanna. Sé gengið á höfuðstólinn skulu greiðslur til hans hefjast að nýju skv. sömu reglum*". Varasjóður IHM nam í ársbyrjun 11.652.993 kr. Framreiknað viðmið á stöðu varasjóðs nemur í árslok 12.687.173 kr., tillag ársins nemur því 1.124.180 kr.

Úthlutanir ársins vegna 11. gr. tekna eru uppígreiðslur sem byggja á gerðardómi. Í ársbyrjun 2022 féll gerðardómur um endanlega skiptingu og var uppgjör á grundvelli hans greitt rétthöfum á árinu.

Greiðslur á árinu 2022 til aðila IHM vegna eintakagerðar til einkanota sbr. 11. gr. Höfundalaga, sundurliðast þannig:

| | Hlutagreiðsla vegna tekna 2022 | Gerðardóms uppgjör v/2016-2021 |
|---|---|---|
| Blaðamannafélag Íslands | 4.196.149 | 7.850.686 |
| Félag kvikmyndagerðarmanna | 7.343.261 | 13.000.135 |
| Félag leikstjóra á Íslandi | 5.245.187 | 13.506.172 |
| Myndhöfundasjóður Íslands | 14.686.523 | 28.223.298 |
| Hagþenkir,félag höfunda fræðirita | 8.392.299 | |
| Rithöfundasamband Íslands og FLH | 23.078.822 | 66.804.215 |
| S.F.H.,Samb flytj/hljómplframl | 58.746.092 | 5.851.846 |
| SÍK-Samband íslenskra kvikmynda | 37.765.345 | 92.875.484 |
| Samtök kvikmyndaleikstjóra | 20.980.747 | 42.207.675 |
| STEF | 29.373.046 | (15.464.875) |
| Samtals | 209.807.471 | 254.854.636 |

| Sérgreint eigið fé kapalgeira sundurliðast þannig: | % | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Eigið fé kapalgeira í ársbyrjun | | 414.233.237 | 63.313.552 |
| Úthlutun á árinu til UBOI og SVT (greidd) | 36% | (149.123.965) | (22.792.879) |
| Úthlutun til á árinu AGICOA/SÍK Framleiðendafélags, (greidd) | 26% | (107.700.642) | (16.461.524) |
| Úthlutun til STEFs, (greidd) | 18% | (74.561.983) | (11.396.439) |
| Hlutdeild annarra aðildarfélaga IHM, (ógreidd) | 20% | (82.846.647) | (12.662.710) |
| | | 0 | 0 |
| Hreinar tekjur kapalgeira á árinu | | 121.856.004 | 414.233.237 |
| Sérgreint eigið fé kapalgeira í árslok | | 121.856.004 | 414.233.237 |

## 3. Skattamál

IHM ekki skattkyldur aðili, en greiðir fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum.

## 4. Fjármunatekjur

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 24.296.590 | 4.597.794 |
| Bankakostnaður | (63.603) | (54.766) |
| Fjármagnstekjuskattur | (5.345.253) | (1.023.791) |
| | 18.887.734 | 3.519.237 |

# Skýringar

## 5. Laun og launatengd gjöld

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Laun á skrifstofu | 5.368.000 | 9.678.500 |
| Laun stjórnar og fulltrúaráðs | 5.482.000 | 7.184.000 |
| Laun skoðunarmanna | 170.444 | 170.444 |
| Áfallin launatengd gjöld, breyting | (265.101) | 975.623 |
| Lífeyrissjóður og félagsgjöld | 1.191.862 | 1.774.028 |
| Tryggingargjald | 686.479 | 1.037.015 |
| Samtals laun, aðkeypt vinna og launatengd gjöld | 12.633.684 | 20.819.610 |
| Hlutdeild færð á kapalgeira | (3.790.105) | (6.245.883) |
| | 8.843.579 | 14.573.727 |

## 6. Annar rekstrarkostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Pappír, prentun, ritföng og annar skrifstofukostnaður | 256.302 | 558.758 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 1.621.341 | 1.144.694 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 2.757.035 | 892.140 |
| Fundir og ráðstefnur | 305.540 | 253.748 |
| Lögfræðikostnaður | 699.012 | 0 |
| Húsaleiga | 2.271.628 | 2.935.514 |
| Annar starfsmannakostnaður | 1.456.730 | 0 |
| Ýmis kostnaður | 75.600 | 34.960 |
| Samtals annar rekstrarkostnaður | 9.443.188 | 5.819.814 |
| Hlutdeild færð á kapalgeira | (2.832.956) | (1.478.150) |
| | 6.610.232 | 4.341.664 |

## 7. Kapalgeiri, gjöld

| | | |
|---|---|---|
| Beinn kostnaður vegna kapalgeira | 1.080.536 | 2.291.027 |
| Hludeild í sameiginlegum launakostnaði | 3.790.105 | 6.245.883 |
| Hlutdeild í sameiginlegum rekstrargjöldum | 2.832.956 | 1.478.150 |
| Reiknuð hlutdeild aðila í kostnaði | (1.656.933) | (1.857.987) |
| | 6.046.664 | 8.157.073 |

## 8. Útistandandi tekjur

| | | |
|---|---|---|
| 365 miðlar hf | 6.341.341 | 6.341.341 |
| Síminn hf | 13.229.066 | 13.229.066 |
| Síminn hf. , samkomulag (sjá skýringu 11) | | 354.000.000 |
| SÝN hf | 13.332.293 | 13.332.293 |
| NOVA | 0 | 1.901.006 |
| Óinnheimtar kapaltekjur vegna 2022, (sjá skýringu 11) | 127.902.668 | 0 |
| | 160.805.368 | 388.803.706 |

## 9. Aðrar skammtímaskuldir

| | | |
|---|---|---|
| Ógreiddur kostnaður um áramót | 2.223.505 | 1.301.191 |
| Ógreidd laun | 1.020.317 | 0 |
| Ógreidd launatengd gjöld | 1.987.116 | 2.078.610 |
| | 5.230.938 | 3.379.801 |

## 10. Ógreiddar úthlutanir

| | | |
|---|---|---|
| Ógreidd úthlutun til "20% hluta" Kapalgeirans vegna tekna fyrri ára | 152.067.544 | 70.877.834 |
| Ógreidd úthlutun til STEFs úr Kapalgeira vegan fyrri ára | 0 | 11.396.435 |
| Ógr. úthlutanir frá erl. Systursamtökum | 14.436.975 | 2.451.799 |
| Ógreidd innlend úthlutun vegna eintakagerðar (11.gr. tekna) | 2.679.071 | 2.679.071 |
| | 169.183.590 | 87.405.139 |

## 11. Önnur mál

Alþingi samþykkti á haustmánuðum 2016 breytingu á höfundalögum þar sem ma. kveður á um að IHM skuli fá sérstakar bótagreiðslur úr ríkissjóði á grundvelli 11 gr. höfundalaga. Árleg bótafjárhæð var reiknuð um 245 mkr. Bótagreiðsla til IHM skv höfundalögunum er háð heimildum í fjárlögum hvers árs. Bótagreiðslan af fjárlögum á árinu 2022 nam 244 mkr. IHM tekjufærir bótagreiðslurnar á greiðsluári.

Á vordögum 2022 var gert samkomulag í deilu á milli Símans og IHM um endurgjald fyrir endurvarp útvarps og sjónvarpsstöðva og greiddi Síminn 354 mkr til IHM á árinu 2022. Uppgjör á þessum tekjum fór fram á árinu með uppgjöri kapaltekna 2021, að undanskildum hluta 20% hóps Kapalgeira sem er ógreiddur í árslok.

Í maí 2022 féll gerðardómur um skiptingu tekna skv. 11. gr. höfundalaga sem tekur til tekjuáranna 2016 - 2024. Hreinum tekjum skv. 11.gr. tekjuárin 2016-2021 að frádregnum málskostnaði var skipt á árinu 2022 skv. gerðardómnum að frádregnum bráðabirgðgreiðslum liðinna ára. Uppgjör skv. gerðardómnum var greitt til rétthafa á árinu sbr skýringu 2.

Samningar IHM við miðla, sem dreifa línulegri og ólínulegri dagskrá og dagskrárefni annarra miðla, hafa verið lausir á árinu og var innheimta á tekjum "Kapalgeira" fyrir notkun miðlanna á árinu ekki framkvæmd fyrr en eftir uppgjörsdag. Tekjur kapalgeirans fyrir árið 2022 voru áætlaðar byggt á innheimtukröfum, sem byggja á notkunarskráningum miðlanna, útgefnum eftir uppgjörsdag og færðar þannig í ársreikninginn sem tekjur ársins og sem útistandandi tekjur í árslok.